

# Úrskurður

## áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 10/2000

Augun okkar ehf.

gegn

samkeppnisráði

### I.

Með bréfi, dags. 25. september 2000, sem barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála þann 26. september s.á. hefur Ásgeir Þór Árnason, hrl., kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 26/2000, dags. 28. ágúst 2000.](#)

Með hinni kærðu ákvörðun er áfrýjanda bannað, með vísan til 1. mgr. 25. gr. samkeppnislaga og með heimild í 51. gr. sömu laga, að nota firmanafnið Gleraugnabúðin eitt og sér í auglýsingum, á auglýsingaskiltum og á annan hátt í tengslum við gleraugnaverslanir sínar í Hagkaupi í Skeifunni og í Nýkaupi í Kringlunni.

Áfrýjandi krefst þess aðallega að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 26/2000, verði felld úr gildi, en til vara að henni verði breytt á þá leið að bannið nái einungis til opinberra auglýsinga í fjölmiðlum.

Samkeppnisráð krefst þess að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

### II.

Málavextir eru þeir að Gleraugnabúðin, Laugavegi 36, Reykjavík, fékk skráð firmað Gleraugnabúðin í firmaskrá Reykjavíkur árið 1965. Frá þeim tíma hefur fyrirtækið verið rekið undir því nafni.

Á árinu 1996 var opnuð gleraugnaverslun í verslun Hagkaups í Skeifunni undir heitinu Gleraugnabúðin og árið 1999 var slík verslun opnuð í Nýkaup í Kringlunni. Fyrirtækið sem rekur verslanirnar ber heitið Augun okkar ehf.

Með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 11. febrúar 2000, kvartaði áfrýjandi yfir notkun Augnanna okkar ehf. á heitinu Gleraugnabúðin.

Málsmeðferð Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs er lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess sem þar segir.

Á fundi samkeppnisráðs þann 28. ágúst 2000 var tekin ákvörðun í máli þessu. Ákvörðunarorðin eru eftirfarandi:

„Með vísan til 1. málsgreinar 25. greinar samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Augunum okkar ehf., Skeifunni 15, Reykjavík, að nota firmanafnið Gleraugnabúðin eitt og sér í auglýsingum, á auglýsingaskiltum og á annan hátt í tengslum við gleraugnaverslanir sínar í Hagkaupi í Skeifunni og í Nýkaupi í Kringlunni (...)“

### III.

Áfrýjandi heldur því fram að hin kærða ákvörðun sé í ósamræmi við þá grunnreglu auðkennaréttar að enginn geti öðlast einkaréttindi til opinberrar notkunar á venjulegu talmáli. Að mati hans stríðir ákvörðunin þannig gegn ákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi og 75. gr. um atvinnufrelsi.

Áfrýjandi bendir á að í ákvörðun samkeppnisráðs sé viðurkennt að orðið „gleraugnabúð“ sé tæpast hæft til að vera firmanafn með einkaréttindum en þrátt fyrir það sé upphaflegum kæranda Gleraugnabúðinni veittur einkaréttur á orðinu með stórum staf og greini. Að mati áfrýjanda getur hvorki stór stafur í upphafi orðs né greinir veitt orði þau sérkenni sem krafist er til að orð geti verið undirorpin einkaréttindum samkvæmt grunnreglum auðkennaréttar. Samkvæmt reglum vörumerkjaréttarins geti Gleraugnabúðin því ekki hafa öðlast einkarétt á orðinu Gleraugnabúðin og bent er á að skráning í firmaskrá veiti ekki einkarétt á orðum heldur sé það dómstóla að skera úr um hvort skráð firmu hafi til að bera nægjanlegt sérkenni.

Áfrýjandi bendir á að verslanir hans séu staðsettar inni í verslunarrými Hagkaups í Skeifunni og Nýkaups í Kringlunni. Þrúmsum hlutum þessara verslana hafi verið gefin nöfn með endingunni “búð”.

Áfrýjandi mótmælir því að meiri ruglingshætta sé fyrir hendi í þessu tilviki en búast megi við þegar aðilar í verlsunaratvinnu velji firmum sínum nöfn sem höfða til þeirrar starfsemi sem þeir stunda.

Upphaflegur kærandi þessa máls verði að bera þá áhættu sem sé samfara því að hann valdi atvinnurekstri sínum almennt og venjulegt orð sem vísaði til verslunaratvinnunar.

Af hálfu samkeppnisráðs er bent á að firmaheitið Gleraugnabúðin hafi verið notað af upphaflegum kæranda máls þessa frá árinu 1965. Ekki hafi verið gerðar athugasemdir við þá notkun hingað til og að ráða megi af því að heitið hafi náð markaðsfestu. Ljóst sé að notkun áfrýjanda á heitinu Gleraugnabúðin hafi skapað rugling bæði hjá innlendum og erlendum viðskiptamönnum. Notkun áfrýjanda á heitinu sé til þess fallin að gefa villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda og brjóti því gegn ákvæðum 25. gr. samkeppnislaga.

#### IV.

Í málinu er fram komið að firmanafnið Gleraugnabúðin var skráð í Firmaskrá Reykjavíkur árið 1965 fyrir atvinnustarfsemi í tengslum við gleraugnaverksæði og verslun í því sambandi. Hefur fyrirtækið verið rekið undir því nafni síðan. Firmanafnið var birt í Lögbirtingablaði lögum samkvæmt og telst það því hafa verið öllum kunnugt. Óumdeilt er að heitið hafi ávallt verið notað við viðkomandi atvinnu og við undirskriftir vegna firmans með þeim hætti sem firmalög gera ráð fyrir. Ekki er um það deilt í málinu að fyrirtækið Augun okkar ehf. hafi notað nafnið Gleraugnabúðin í tengslum við gleraugnaverslanir með þeim hætti sem greinir í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur að með skráningu firmaheitisins og einkum langri notkun þess hafi verið færð fram næg rök fyrir því að það hafi öðlast markaðsfestu sem hafi leitt til einkaréttar yfir heitinu eins og gerð er grein fyrir í hinum kærða úrskurði. Verndin nær m.a. til þess að önnur fyrirtæki noti ekki nafnið Gleraugnabúðin eitt sér þannig að ruglingshætta skapist.

Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar er gerð grein fyrir því á hvern hátt áfrýjandi hefur notað nafnið Gleraugnabúðin í auglýsingum sínum og á annan hátt. Áfrýjunarnefndin telur að sú notkun skapi ruglingshættu og fari í bága við fyrrgreindan einkarétt Gleraugnabúðarinnar. Hún telst því fara í bága við 1. mgr. 25. gr. samkeppnislaga.

Samkvæmt ofangreindu er réttur hins skrásetta firma, Gleraugnabúðarinnar, til fyrirstöðu rétti áfrýjanda til notkunar á óbreyttu firmanafni þess. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur að af þessum sökum geti ákvæði stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi eða atvinnufrelsi ekki staðið því í vegi að bann sé lagt við fyrrgreindri notkun áfrýjanda á firmanafninu einu sér. Loks er ekki unnt að verða við varakröfu áfrýjanda þar eð notkun firmaheitisins með öðrum hætti en með opinberri auglýsingu í fjölmiðlum fer einnig gegn fyrrgreindum einkarétti.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið er það niðurstaða áfrýjunarnefndarinnar að notkun fyrirtækisins Augnanna okkar ehf. á firmanafninu Gleraugnabúðin einu sér í auglýsingum og á annan hátt í tengslum við gleraugnaverslanir sínar í Hagkaupi í Skeifunni og í Nýkaupi í Kringlunni sé í andstöðu við 1. mgr. 25. gr. samkeppnislaga. Ákvörðunarorð ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 2672000 verða því staðfest og tekur það einnig til gildistökuákvæðis hennar.

## V.

### Úrskurðarorð.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 26/2000, dags. 28. ágúst 2000, er staðfest.

Reykjavík, 10. nóvember 2000

Stefán M. Stefánsson

Kirstin Flygenring

## VI.

### Sératkvæði Erlu S. Árnadóttur:

Árið 1965 fékk Helmut Kreidler skráð í Firmaskrá Reykjavíkur firmaheitið Gleraugnabúðin. Fyrirtækið hefur verið rekið undir því nafni síðan. Mál þetta er tilkomið vegna kvörtunar Gleraugnabúðarinnar til Samkeppnisstofnunar yfir notkun Augnanna okkar ehf. á heitinu Gleraugnabúðin fyrir verslanir í Hagkaupi í Skeifunni og Nýkaupi í

Kringlunni. Kvörtunin beinist að því að verndað firmaheiti sé notað af áfrýjanda sem heiti á atvinnustarfsemi í sömu starfsgrein.

Firmaheitið Gleraugnabúðin lýsir þeirri starfsemi er það er notað fyrir. Ekki er því unnt að fallast á þá niðurstöðu Samkeppnisráðs að upphaflegur kærandi eigi einkarétt til notkunar heitisins, sem sé verndaður samkvæmt 25. gr. samkeppnislaga. Var því ekki rétt að banna áfrýjanda notkun heitisins með stoð í þessu ákvæði. Breytir langvarandi notkun firmaheitisins þar engu.

Áfrýjandi bendir á að í verslunum Hagkaups og Nýkaups hafi sumum hlutum verslananna verið valin nöfn með endingunni „búð“. Gögn málsins um notkun áfrýjanda á heitinu Gleraugnabúðin sýna að það hefur verið notað ásamt mynd af gleraugum. Ítarlegar upplýsingar um notkun upphaflegs kæranda á firmaheiti sínu sem vörumerki liggja ekki fyrir. Meðal gagna málsins er þó auglýsing í símaskrá þar sem heiti verslunarinnar er notað í lítilliga stílfærðu merki er hefur að geyma heitið Gleraugnabúðin ásamt heiti stofnanda firmans, Helmut Kreidler. Verður ekki séð, þegar haft er í huga að firmaheiti upphaflegs kæranda er lýsandi fyrir starfsemi firmans, að áfrýjandi hafi notað heitið Gleraugnabúðin með þeim hætti eða haft í frammi aðgerðir sem leiði til þess að notkunin geti talist óréttmætir viðskiptahættir. Er því ekki heldur tilefni til að banna áfrýjanda notkun heitisins á grundvelli 20. gr. samkeppnislaga.

Álit mitt er því að fella beri hina kærðu ákvörðun úr gildi.

Reykjavík, 10. nóvember 2000

Erla S. Árnadóttir

Rétt endurrit staðfestir;